

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



21.10.2019

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 181. mál á 150. löggjafarþingi**

*Frumvarp til laga um félög til almannaheilla*

Hagsmunasamtök heimilanna eru frjáls félagasamtök sem hafa þann yfirlýsta tilgang að koma fram sem málsvari íslenskra heimila, með því markmiði að efla og stuðla að framgangi réttinda þeirra eftir öllum löglegum leiðum sem standa til boða hverju sinni (þ.e. til almannaheilla). Í því sambandi hafa samtökin einkum sérhæft sig í réttindum neytenda á fjármálamarkaði.

Frumvarp það sem hér um ræðir felur í sér tillögu um heildarlög um starfsemi almannaheillafélaga, sem er nýmæli í íslenskum rétti, en hingað til hefur slík starfsemi einkum byggst á óskráðum reglum félagaréttar. Að mati samtakanna er það til bóta að skrásetja þær reglur til að gera þær aðgengilegar og skýrar fyrir þátttakendum í starfsemi slíkra samtaka, en við slíka lagasetningu verður að gæta þess að ekki séu lagðar nýjar og íþyngjandi kvaðir á slíka starfsemi. Þess vegna er sú athugasemd gerð við ákvæði um slit félags og viðurlög að þau skerða félagafrelsi og geta skapað hættu á misnotkun.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er að hluta til komið til móts við athugasemdir samtakanna á fyrri stigum með nánari skýringum þó það hafi ekki áhrif á sjálfan lagatextann. Engu að síður verður ekki hjá því komist að ítreka athugasemdir samtakanna við ákvæði 3. málsl. 5. mgr. 19. gr. frumvarpsins um útilokun einstaklinga sem hafa orðið gjaldþrota frá stjórnarsetu í samtökum til almannaheilla, sem er á engan hátt komið til móts við í frumvarpinu.

Hagsmunasamtök heimilanna telja eðlilegt að setja það skilyrði að hafi bú einstaklings verið tekið til gjaldprotaskipta skuli hann láta af fjárráðum eða yfirstjórn í félagi til almannaheilla, svo sem stöðu gjaldkera, formanns eða framkvæmdastjóra. Aftur á móti er vandséð að nein málefnaleg rök standi til þess að útiloka þá sem hafa orðið gjaldþrota alfarið frá því að taka þátt í stjórnarstörfum. Svo dæmi sé tekið gæti það torveldað starfsemi félaga í þágu einstaklinga í fjárhagserfiðleikum. Er því lagt til að skilyrðinu um að vera fjár síns ráðandi verði breytt svo það eigi ekki við um meðstjórnendur félaga til almannaheilla ef þeir fara ekki með fjárreiður eða yfirstjórn þeirra að öðru leyti.

- o -

Virðingarfyllt,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Vilhjálmur Bjarnason, varaformadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is